

AUGLÝSING um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Hverfisgata 16 og 16A.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 18. júní 2015, breytingu reits 1.171.0 vegna lóðanna nr. 16 og 16A við Hverfisgötu. Í breytingunni felst að sett er kvöð um aðkomu á lóð nr. 16 við Hverfisgötu fyrir lóð nr. 16A við Hverfisgötu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bleikargróf 6.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 26. júní 2015 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 6 við Blesugróf. Í breytingunni felst að felld er niður kvöð um 15 gráðu þakhalla á fyrirhugaðri byggingu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 9. júlí 2015.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 23. júlí 2015